

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Deiliskipulag 1. áfanga íbúðabyggðar í landi Sunnuhlíðar á Flúðum.

Um er að ræða deiliskipulag 1. áfanga íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar þar sem skipulagðar eru 12 einbýlishúsalóðir. Heimilt er að reisa íbúðarhús á einni hæð og skal hámarksgrunnflötur vera 350 m², þ.m.t. bílskúr. Einnig er heimilt að reisa aukahús á einni hæð og skal grunnflötur vera að hámarki 200 m². Að auki er heimilt að reisa geymsluhús með áföstu gróðurhúsi þar sem hámarksgrunnflötur er 70 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 8. nóvember 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. desember 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. janúar 2008